



# Aðgerðaáætlun 2019-2020: stöðutaka fyrir sérstakar áherslur

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

**Útgefandi:**

Utanríkisráðuneytið

Janúar 2021


©2021 Alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins

# Samantekt

Þann 2. maí 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 26/149 um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023. Í fylgiskjali I með þingsályktuninni var lögð fram aðgerðaáætlun 2019–2020 sem er aðgengileg á [vef Alþingis](#). Þar er greint frá markmiðum, væntanlegum niðurstöðum og aðgerðum.<sup>1</sup>

Stefna Íslands útlistar áherslur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og er framvinda starfsins útlistuð í árlegum skýrslum utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Mest af starfi í alþjóðlegri þróunarsamvinnu miðar að því að vinna að þeim markmiðum sem sett eru fram í árangursramma<sup>2</sup> og er framkvæmd í gegnum tvíliða starf, fjölbjóðlega þróunarsamvinnu, mannúðaraðstoð og innanlandssamstarf. Í aðgerðaáætlun voru til viðbótar sett fram markmið og árangursvízar sem varða sérstakar áherslur í starfinu. Hér á eftir fer yfirlit um stöðu þeirra sértæku aðgerða sem settar voru fram í aðgerðaáætlun 2019–2020.

Í aðgerðaáætlun 2019–2020 eru 42 aðgerðir sérstaklega tilteknar. Af þeim hefur 25 aðgerðum verið lokið og 15 hafa hafist eða þær langt komnar á veg. Tvær aðgerðir voru ekki hafnar eða komnar á veg. Hér að neðan má sjá stöðuyfirlit eftir málaflokkum<sup>3</sup> og kemur þar fram að heildarniðurstaða er nokkuð góð, en ástæða er til frekari eftirfylgni með aðgerðum sem varða mannréttindi og umhverfis- og loftslagsmál.



<sup>1</sup> Með fyrirvara um að árangursvízar verði endurskoðaðir og uppfærðir þegar heildraent árangursstjórnunarkerfi verði innleitt.

<sup>2</sup> Yfirmarkmið Íslands er að draga úr fátækt og hungrí og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærarr þróunar. Vinnur Ísland að þessu markmiði í gegnum tvö skilgreind þróunarmarkmið á svíði uppbyggingar félagslegra innviða og starfa í þágu friðar, verndun jarðarinnar og sjálfbærarr nýtingar náttúruauðlinda.

<sup>3</sup> Aðgerðir sem voru komnar á veg var gefið gildið 1 og þeim sem var lokið var gefið gildið 3 og útkoman vegin m.t.t. fjölda aðgerða undir hverjum málaflokki. Ekki er lagt mat á umfang aðgerða sem er mismikið, en myndin gefur þó lauslega innsýn inn í stöðu hvers málaflokks.

# Stöðuyfirlit

	Aðgerð ekki komin á veg/hafin	Aðgerð hafin/komin á veg	Aðgerð lokið
Markmið	Aðgerðir/vísar	Staða	
Mannréttindi	Gerð stefnumiða um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu.	Stefnumiðum um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu lokið.	<span style="background-color: #FFFF00;">Skýrslu um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu í tvíhlíða samstarfi Íslands lokið. Þar er lögð fram tillaga að meginálgun Íslands. Uppkast að stefnumiðum liggur fyrir, en er ekki lokið.</span>
	Í verkefnum sem Ísland veitir framlög til er gætt að samþættingu mannréttinda.	Hlutfall verkefna sem sambætta mannréttindi samkvæmt mannréttindastiku.	<span style="background-color: #FFFF00;">Mannréttindastika innleidd, hlutfall til staðar en þjálfun starfsfólks ekki lokið sem er forsenda til að tryggja fulla innleiðingu.</span>
	Ísland beitir sér sérstaklega á svíði mannréttinda.	Fjöldi sértækra aðgerða/verkefna þar sem mannréttindi eru meginmarkmið og grunnur verkefnasniðs og væntanlegs árangurs.	<span style="background-color: #FFFF00;">Mannréttindi sambætt samstarfi við frjáls félagasamtök og hluti af mati verkefna, sértæk mannréttindaverkefni studd í gegnum alþjóðastofnanir.</span> <span style="background-color: #FFFF00;">Samningur um stuðning við OHCHR gerður bæði 2019 og 2020 og til skoðunar að gera rammasamning um framlög.</span> <span style="background-color: #FFFF00;">Innleiðingu ekki lokið í tvíhlíða samstarfi.</span>
	Ísland talar fyrir mannréttindum á alþjóðavettvangi.	Mannréttindanálgun beitt í málsvarastarfi Íslands.	<span style="background-color: #3CB371;">Mannréttindi eru ríkur hluti af málsvarastarfi Íslands hvarvetna; á vettvangi Sþ, hjá ÖSE, Evrópuráðinu og í tvíhlíða samskiptum við önnur ríki.</span> <span style="background-color: #3CB371;">Seta í mannréttindaráði Sþ 2018-2019 gaf einstakt tækifæri til að leggja lóð á vogarskálar; sjá sérstaka skýrslu um setu Íslands í mannréttindaráðinu á heimasiðu utanríkisráðuneytisins.</span>
Jafnréttismál	Í verkefnum sem Ísland veitir framlög til er gætt að samþættingu kynjajafnréttismála.	Hlutfall verkefna sem hafi slíka samþættingu að leiðarljósi samkvæmt kynjajafnréttistiku DAC.	<span style="background-color: #3CB371;">Jafnréttissíkti til staðar og er innleidd. Hlutfall liggur fyrir, Ísland stendur vel í samanburði við önnur framlagslönd en yfir 80% af verkefnastuðningi miðar að því að auka jafnrétti.</span>
	Uppfærð stefnumið um jafnrétti kynjanna í þróunarsamvinnu.	Stefnumið um jafnrétti kynjanna.	<span style="background-color: #FFFF00;">Uppkast að stefnumiðum liggur fyrir en þau hafa ekki verið gefin út.</span>

Umhverfis- og loftslagsmál	Framkvæmdaáætlun fyrir jafnréttismál.	Framkvæmdaáætlun lokið.	Grunnur að framkvæmdaáætlun liggur fyrir, og framkvæmdaáætlun fyrir innleiðingu jafnréttisvottunar UNDP á þróunarsamvinnu Íslands byggir einnig á framkvæmdaáætlun með margvislegum aðgerðum.
	Uppfærð áætlun um framkvæmd 1325.	Áætlun um framkvæmd 1325.	Landsáætlun til staðar, hún rennur út í lok árs 2021. Úttekt verður framkvæmd um mitt ár og ný áætlun gerð fyrir lok ársins.
	Gerð stefnumiða um umhverfis- og loftslagsmál í þróunarsamvinnu.	Stefnumiðum um umhverfis- og loftslagsmál lokið.	Stefnumið eru ekki til staðar.
	Framkvæmdaáætlun fyrir umhverfis- og loftslagsmál.	Framkvæmdaáætlun lokið.	Framkvæmdaáætlun ekki til staðar.
	Í verkefnum sem Ísland veitir framlög til er gætt að samþættingu umhverfis- og loftslagsmála.	Hlutfall verkefna sem hafi slíka samþættingu að leiðarljósi samkvæmt umhverfis- og loftslagsstíkum DAC.	Eftirfarandi umhverfis- og loftslagstengdar stíkur eru til staðar og innleiddar: a. stuðningur við umhverfið, b. líffræðilegur fjölbreytileiki, c. aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, d. aðlögun og e. mótvægisgerðir gegn loftslagsbreytingum. Styrkveitingar taka mið af umhverfissjónarmiðum. Sértaður stuðningur til umhverfisverkefna í gegnum fjölpjóðlegar stofnanir og í tvíhlíða starfi. Samþætting til staðar upp að marki.
Viðskiptamál	Ísland beitir sér á alþjóðasviðinu í tollamálum og viðskiptum til að rétta hlut fátækustu þróunarríkjanna í alþjóðaviðskiptum.	Íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir jafnréttismálum í umræðu um viðskiptamál á vettvangi WTO.	Ísland leiðir samstarf aðildarríkja WTO um alþjóðaviðskipti og jafnréttismál ásamt Botswana og ITC í kjölfar sameiginlegrar yfirlýsingar 130 ríkja um efnahagslega valdeflingu kvenna. Stofnuð hefur verið nefnd innan WTO um jafnrétti og viðskipti m.a. fyrir tilstilli Íslands.
		Íslensk tollalöggjöf mismunari ekki þróunarlöndum.	Breytingar frá 2018 ( <a href="#">nr. 76/2018</a> ) á tollalögum nr. 88/2005 segja fyrir um tollfríðindi af vöru sem flutt er inn og upprunnin í þeim ríkjum sem skemmt eru á veg komin í þróun.
	Þróunarríki sem EFTA á í fríverslunarviðræðum við í gegnum samstarfssjóð EFTAríkjanna njóta stuðnings.	Íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að ákvæði er varða jafnrétti kynjanna verði sett inn í fríverslunarsamninga EFTA.	Jafnréttisákvæði hafa verið færð inn í samningsmódel EFTA að frumkvæði Íslands. Ísland heldur áfram að beita sér fyrir því að ákvæði sé sett inn í fríverslunarsamninga EFTA.

	Efnahagsleg valdefling kvenna í gegnum viðskipti.	Stuðningur við stofnanir sem hafa efnahagslega valdeflingu kvenna á sviði viðskipta að markmiði – framlög til <i>She Trades verkefnis Alþjóðaviðskiptamið-stöðvarinnar (ITC)</i> .  Námskeið á sviði viðskiptamála.	Ísland hefur stutt við ITC um árabil með áherslu á <i>She Trades</i> . Samningi lauk við lok árs 2020, endurnýjun samnings til 2023 stendur yfir og verður frágengin fyrri hluta árs 2021.  Viðskiptatengd mállefni kennd af skólum GRÖ, s.s. verkefna-stjórnun og nýsköpun.
Atvinnulífið	Aukinn stuðningur íslensks atvinnulífs við sjálfbæra þróun og uppbyggingu í þróunarríkjum, s.s. með sérþekkingu og fjármögnun.	Unnið úr tillögum vinnuhóps varðandi þátttöku aðila íslensks atvinnulífs í sjálfbærri þróun og uppbyggingu í þróunarlöndum með það að markmiði að auka stuðning þeirra og aðkomu, s.s. með sérþekkingu og fjármögnun.  Aðgerðir til að auka aðkomu aðila íslensks atvinnulífs að uppbyggingu í þróunarríkjum.	Unnið hefur verið úr tillögum og rýni á málaflokknum er á dagskrá á árinu 2021.  Verklagsreglur fyrir nýjan samstarfssjóð við atvinnulífið tilbúnar og regulega auglýst eftir umsóknum. Stykjum hefur þegar verið úthlutað og fleiri eru í farvatninu. Nýtt rafrænt umsóknarferli í samvinnu við island.is einfaldar úrvinnslu og gerð umsókna.
	Samstarfssjóður fyrir atvinnulífið stofnsettur.	Samstarf félagasamtaka og aðila atvinnulífs.	Sjóður settur á laggirnar í lok árs 2018 (300 m.kr.). Sjóðurinn eykst að umfangi og tekist hefur að virkja áhuga ólíkra aðila. Fjórðu úthlutun í sjóðnum lýkur fyrri hluta árs 2021.  Áhersla á samstarf við atvinnulífið hefur haft jákvæð áhrif á möguleika félagasamtaka til samstarfs við fyrirtæki. Dæmi um þetta er <u>samstarf milli Rauða krossins á Íslandi og Marei</u> .  Einnig eru íslensk fyrirtæki í samstarfi við Rauða krossinn á Íslandi í verkefni sem fékk úthlutun í gegnum styrkveitingar til félagsamtaka 2020
	Fjármagn frá atvinnulífi sem rennur til þróunarlanda í gegnum samstarfsverkefni.	Fjárfestingar og verkefni íslenskra fyrirtækja sem fá styrk stuðla að uppbyggingu í samstarfslandi. Margvislegar aðgerðir til að kynna tækifæri fyrir aðilum atvinnulífs. Enn sem komið er er flæði fjármagns ekki umfangsmikið en áhugi fyrir samstarfi fer vaxandi.	

Félaga-samtök	<p>Eftt borgaralegt samfélag í þróunarríkjum sem berst gegn fátækt í ólíkum birtingarmyndum hennar; Aukin geta borgarasamfélagsins til að efla mannréttindi með áherslu á þá hópa sem standa höllum fæti; Samstarf og stuðningur við verkefni sem vinna að framgangi ólíkra markmiða Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð, í samræmi við sameiginlegar áherslur félagasamtaka og íslenskra stjórnvalda.</p>	<p>Styrkveitingar í gegnum aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka.</p>	<p>Auglýst er reglulega eftir umsóknum um styrki vegna verkefna íslenskra félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.</p> <p>Umsóknarferli fyrir styrkveitingar til félagasamtaka hefur verið fært yfir á rafrænt form frá og með nóvember 2020. Unnið er í samstarfi við verkefnastofu um Stafrænt Ísland á ísland.is.</p> <p>Auglýst er a.m.k. einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki til þróunarsamvinnuverkefna. Frá 2020 á það einnig við um kynningar- og fræðsluverkefni. Opið er fyrir umsóknir um mannúðaraðstoð allt árið svo lengi sem fjárhheimildir leyfa.</p>
		<p>Uppfærð stefnumið og úthlutunarreglur.</p>	<p>Yfirstandandi er óháð utanað-komandi úttekt á stefnumiðum og samstarfi við félagasamtök. Niðurstöður úttektarinnar munu liggja fyrir fyrri hluta árs 2021 og verða stefnumið um samstarf við félagasamtök uppfærð í kjölfarið þar sem tekið verður tillit til niðurstaðna.</p> <p>Úthlutunarreglur hafa verið uppfærðar og birtar í október 2020. Um er að ræða eitt heildstætt regluverk fyrir styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu (<a href="#">nr. 1035/2020</a>).</p> <p>Samhliða reglum nr. 1035/2020 hafa sérstakar verklagsreglur fyrir styrkveitingar verið birtar. Um er að ræða þjú skjöl, eitt fyrir hvern undirflokk styrkveitinga:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <a href="#">þróunarsamvinnuverkefni</a></li> <li>• <a href="#">Mannúðaraðstoð</a></li> <li>• <a href="#">Kynningar- og fræðsluverkefni</a></li> </ul>

		Fræðsla fyrir íslensk félagasamtök.	Engin formleg fræðsla hefur verið haldin fyrir félagasamtök á árunum 2019-2020.  Undirbúningur er hafinn fyrir rafræna verkfærakistu sem veitir fræðslu fyrir íslensk félagasamtök ásamt því að niðurstöður úttektar munu hafa áhrif á það efni sem sett verður í forgang 2021-2022.  Auglýst var eftir umsóknum um styrki til kynningar- og fræðsluverkefna félagasamtaka í þróunarsamvinnu í nóvember 2020. Hlutverk styrkjanna er að vekja athygli á þróunarsamvinnu og hvetja almenning til að taka þátt í þróunarverkefnum.
	Rammasamningar á sviði mannúðaraðstoðar.	Rammasamningur við RKÍ til staðar. Úttekt á samningi gefur til kynna að árangurinn hafi verið góður. Í framhaldinu verður metið hvort rammasamningar verði nýttir í auknum mæli.	
	Styrkir til félagasamtaka í samstarfs- og áherslulöndum Íslands.	Styrkir eru veittir til félagasamtaka í samstarfs- og áherslulöndum en almennari aðgangur að styrkjum hefur ekki verið innleiddur með markvissum hætti.	
	Nán samvinna með félagasamtökum og virkt eftirlit með framkvæmd verkefna sem njóta stuðnings ráðuneytisins.	Úttekt á samstarfi utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök framkvæmd í lok árs 2020. Markvissara eftirlit með framkvæmd verkefna endurspeglast í langtímaáætlunum fyrir úttektir. Kerfisbundin vöktun komin í farveg fyrir lok árs 2020.	
Framtíðarfyrirkomulag HSP	Stofnanafyrirkomulagi Jarðhita-, Sjávarútvegs-, Landgræðslu- og Jafnrettisskólans á Íslandi komið á til framtíðar.	Greiningu á mögulegu samstarfsfyrirkomulagi skólanna við alþjóðastofnun lokið og gengið frá samningum eins og niðurstöður gefa tilefni til.	Greiningu lokið. GRÓ, Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu stofnsett í byrjun árs 2020, sem starfar undir merkjum UNESCO. Samningar uppfærðir.
	Jarðhita-, Sjávarútvegs-, Landgræðslu- og Jafnrettisskólinn beiti árangursstjórnun í sínu starfi.	Verkefnaskjal / samstarfsáætlun til fimm ára um þjálfunarsamstarf og fjármögnun; árangursstjórnun innleidd hjá öllum skólunum.	Samræmdir breytingakenningar fyrir skólana fjóra í mótu, sem og samræmdur árangursrammi. Samningar eru árangursmiðaðir og fjármálaumsýsla samræmd milli skólanna.

	Markvisst eftirlit með Jarðhita-, Sjávarútvegs-, Landgræðslu- og Jafnréttisskólunum.	Markvisst eftirlit innleitt.	Rekstrar- og fjárhagsúttektir framkvæmdar á skólunum fjórum 2019/2020. GRÓ sinnir reglugu eftirliti með starfi skólanna og utanríkisráðuneytið sinnir heildrænu eftirliti með GRÓ. Skv. áætlun lætur ráðuneytið framkvæma óháða, ytri úttekt árið 2022.
Kynningar-mál og fræðsla	Framkvæmdaáætlun fyrir kynningarmál og fræðslu. Almenningur fær greinargóðar upplýsingar um málaflokkinn og þau verkefni sem Ísland styður.	Gerð og framkvæmd kynningaráætlunar. Árleg könnun á afstöðu almennings til þróunarsamvinnu. Framlag til Norrænu Afríkustofnunarinnar (NAI). Upplýsingagjöf innanlands og erlendis nær til alls þróunarsamstarfs Íslands og er tímanleg.	Uppkast að stefnumiðum liggur fyrir en framkvæmdaáætlun ekki. Í samræmi við tillögu DAC eru nú árlegar kannanir á afstöðu almennings til þróunarsamvinnu framkvæmdar. Ísland veitir árleg framlög til Norrænu Afríkustofnunarinnar. Upplýsingagjöf innanlands er tímanleg og nær til alls þróunarsamstarfs:  Margvíslegt starf hefur verið unnið á tímabilinu og má sem dæmi nefna samstarf í fræðslumálum í skólum í samvinnu við Félag Sameinuðu þjóðanna, árlega vitundarvakningu, þróunarsamvinna ber ávoxt og heimildarmynd um heimsmarkmiðin og líf unglings í Úganda og á Íslandi. Í gegnum samstarfssamninga við Félag Sameinuðu þjóðanna og landsnefndir UN Women og UNICEF á Íslandi sinna þau upplýsingahlutverki fyrir almenning um áherslustofnanir Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og Sþ almennt.  Samstarf við Vísí, aðra stærstu fréttaveitu landsins, um birtingu fréttar af þróunar- og mannúðarmálum. Greinar og fréttir í Heimsljósi á vef Stjórnarráðsins.

			<b>Upplýsingagjöf erlendis:</b>  Heimasíða þróunarsamvinnu betrumbætt og uppfærð, bæði á ensku og íslensku. Upplýsingagjöf er enn fremur í gegnum Facebook síður fastanefnda, utanríkisráðuneytisins og sendiráðanna í tvíhlíða samstarflöndum. Þá er twitter nýtt til upplýsingagjafar, bæði í gegnum twitter reikninga ráðuneytisins og starfsfólks í sendiráðum. Upplýsingum um þróunarsamvinnu er komið á framfæri í tvíhlíða samstarflöndum í gegnum útvarp, sjónvarp og blaðaviðtöl og -greinar.  Samstarf var við malavísk stjórnvöld um heimildarmynd um íslenska þróunarsamvinnu í Mangochi héraði.  Upplýsingum komið á framfæri á vettvangi alþjóðastofnana, á fundum og á málstofum.
	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verði samtvinnuð öllu kynningarstarfi.	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sýnileg í kynningarstarfi.	Rík áhersla er lögð á heimsmarkmiðin í öllu kynningarstarfi Íslands og sýnileiki er mikill.
Gagnsæi og samhæfing	Öll framlög utanríkisráðuneytisins til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar eru birt almenningi skv. IATI staðli.	Slutfall heildarframlaga til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar sem birt eru skv. IATI staðli.	Vefsíðan Openaid.is er í vinnslu og verður hleypt af stokkunum 2021. Upplýsingar eru skv. IATI staðli.
	Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegu samhæfingarstarfi í þróunarsamvinnu.	Tímanleg birting upplýsinga.	Með opnun openaid.is verður birting upplýsinga tímanleg.
	Ísland taki þátt í GPEDC mati.	Vinna við samhæfingu stefnumiða hefjist.	Ísland tók virkan þátt í GPEDC mati 2018-9 sem fulltrúi Íslands á vettvangi DAC leiddi.
	Ísland taki virkan þátt á vettvangi DAC, í fjölbjóðasamstarfi og í samráði aðila þróunarsamvinnu í tvíhlíða samstarflöndum og meðal gjafalandra.		Virk þátttaka er á ólíkum vettvangi. Utanríkisráðuneytið tekur þátt í starfi DAC og undirnefnda. Virkt samræð með tvíhlíða samstarflöndum, og á vettvangi Nordic+.

<b>Úttektir og árangur</b>	Árangur í þróunarsamvinnu metinn og lærdómur dreginn af því mati og miðlað til starfsmanna og almennings.	Framkvæmd stefnumiða í úttektarmálum og áætlun þar að lútandi.	Úttektastefna hefur verið gefin út. Nýjar verklagsreglur um árlegar úttektaáætlanir teknar í notkun. Árlegar áætlanir, ásamt áætlunum til lengri tíma, liggja fyrir í upphafi hvers árs. Niðurstöður úttekta eru birtar almennungi í gegnum heimasiðu og þær sérstaklega kynntar starfsfólk.
	Mótun og innleiðing árangursstjórnunar-kerfis fyrir þróunarsamvinnu Íslands.	Árangursstjórnunarkerfi innleitt.	Grunnur að árangursstjórnunarkerfi liggur fyrir, grunntenging við árangursmarkmið í gagnagrunni. Enn liggur fyrir að útfæra nýja vídd í umsyslu/hugbúnað fyrir árangursstjórnun.

